

## Við fljótum sofandi að feigðarósi. Stríðsgeðveiki og drápsdýrkun

(Ole Petter) Arnulf Överland (1889-1968) var norskt ljóðskáld, sem skrifaði á millistríðsárunum áhrifamikið kvæði: „Þú skalt ekki sofa“ (Du må ikke sove). Ljóðið var ort 1937, þegar stríðsblikur voru á lofti. Hann bauð okkur að leggja ekki aftur augun, halda vöku okkar. Arnulf var dæmdur til fangabúðavistar fyrir andófið.

En við höfum því miður ekki farið að ráðum skáldsins. Við fljótum sofandi að feigðarósi.

Niðurlag ljóðsins er svona:

„Ég hugsaði með sjálfum mér: Nú er eitthvað í vændum.  
Við erum heillum horfin – Evrópa stendur í björtu báli.“

Ljóð Arnulf hefur orðið hinni snjöllu Evu Thomassen innblástur að hugvekju, sem á brýnt erindi til okkar. Stríðsgeðveikin og drápsdýrkunin er meginstef greinarinnar. Hér er stiklað á stóru:

Stjórnámálamenn um þessar mundir lifa og hrærast í hugarheimi ofsóknarbrjálæðis sjálfhverfra, vitstola valdasjúklinga. Þeim er fyrirmunað að iðka stjórnámál í þágu hins góða. Þeir þjást af endurtekningakvilla (ekkolali, echolalia). Þeir éta upp orð hvers annars. Þeir vilja tæla okkur inn í stórmenskubrjálæði bandarískra leiðtoga.

Veiruvitfirringin var prófsteinninn á það, hvort unnt væri að tæla okkur til dráps- eða dauðadýrkunar. Við urðum svo hlýðin [hlýða Víði], að við báðum leyfis til að taka þátt í eigin jarðarför. Meðan Englandsdrottning satt í kirkju ein og yfirgefin með grímu fyrir vitum sér við jarðarför eiginmannsins, sat Boris Johnson að sumbli í Downingstræti. Bóluefnið, sem þvingað var í okkur, var rottueitur.

En rotturnar sluppu. Hinir smituðust af tilbúinni geðveiki, sem ekki virðist slota. Og það finnast ekki bóluefni gegn henni. Við vorum eins og hlýðnir hundar. Leiðtogarnir tóku okkur steinbítstaki. Flott frumsýning. Leiðtogarnir stóðu sig með ágætum; áhrifaríkari heilapvottur hefur aldrei sést í veraldarsögunni.

Svo kom stríð. Þá lauk veiruvitfirringunni skyndilega. Eins og áður skyldum við lúta sjúklegum bönnum. Það er talin varhugaverð grimmd að hugsa tvær hugsanir samtímis. Við því er engin lækning. Þannig fólk skal útlægt gert. Það skal

„bólusetjast.“ Nú er það löggan, fjölmiðlar, stjórnámamenn og samtök, sem sjá um verkefnið. Veikindin eru fólgin í röngum hugsunum.

Ein þessara samtaka er „Helsingforsráðið“ (Helsingforskomiteen). Það eru „frjáls félagssamtök“ (non-governmental organization), sem þiggja fé frá norsku ríkisstjórninni. Þeirra verkefni er m.a. að þefa uppi rússneska stríðsglæpi í Úkraínu. Þau hafa fengið sjö (norskar) millur til þess arna.

Leiðtogum okkar hefur tekist að telja okkur trú um, að dauðinn sé lífinu betri, að stríð sé eftirsóknarverðara en friður. Þeim hefur tekist að særa fram hatrið í sálu okkar. Þeir hrópa einum rómi á mörgum tungum; „hættan í austri.“ Kínverjum er gert að styðja stríðið í Úkraínu eða eta það, sem úti frýs.

Sagan er fölsuð. Einu sinni var það svo, að Rússar hafi unnið aðra heimstýrjöldina. Nú er það ólöglegur forseti Úkraínu sem situr með sigurpálmann í höndunum. Einu sinni vöktu nasistar óhug. Nú vopnvæðum við þá, köllum hetjur og fylgjum þeim til grafar.

Hvernig tókst leiðtogunum að teyma okkur inn í þessa geðveiki, sem er í þann mund að eyðileggja lýðheilsu Evrópumanna? Og ekki síst Evrópu sjálfa. Leiðtogarnir halda hópinn og kyssa og kjassa hvern annan. [Fáir eru iðnari við þetta en Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir og Katrín Jakobsdóttir.] Þeir halda Kænugarðsforsetanum þétt að brjósti sér.

Kjörtímabili Volodomyr, „rússneska“ Gyðingsins, rann út í maí. [Rússneska er hans móðurmál.] Kosningar eru að sönnu mikilvægar, en ekki í þetta sinnið. Hann hefur ekki fleiri hermenn til ráðstöfunar. Þeim var tortímt. Það kemur þó ekki að sök. Við beitum bara drápsvænni vopnum. Við ætlum okkur að vinna stríðið, enda þótt það sé ógjörningur. Við hlöðum skattfé á Volodomyr í stað þess að verja því til þarfari verkefna.

Látum ekki teyma okkur í blindni af þeim drápsjúku. Skyggnumst aftur í söguna, áður en við rýnum inn í framtíðina. Spyrjum okkur: „Er vopnaskak leiðin til friðar“ eins og Jens Stoltenberg endurtekur í síbylju.

Frá eigin brjósti: Það eru leiðtogar í suðri, sem kallast á við Evru í norðri. Viktor Orban, Robert Fico og nú forsætisráðherra Serbíu, Aleksander Vucic. En hann er vondaufur; ég heyri bara stríðsæsingatal, segir hann réttilega. Friður er ekki á dagskrá. Lestin

hefur yfirgefið lestarstöðina. Það er útlit fyrir allsherjarstyrjöld innan fjögurra mánaða, ef enginn grípur í taumana.

Sofnið ekki á verðinum, áminnir Eva okkur.

<https://www.globalresearch.ca/train-left-station-no-one-stop/5859967>

<https://www.globalpolitics.se/tank-om-krigen-i-gaza-och-i-ukraina-eskalerar/>

<https://www.boktips.no/dikt/norske-dikt/du-maa-ikke-sove-av-arnulf-overland/>

<https://www.youtube.com/watch?v=D8NHv8n9yP0>

[https://steigan.no/2024/06/du-ma-ikke-sove-ledes-norsk-og-europeisk-politikk-fra-et-galehus/?utm\\_source=substack&utm\\_medium=email](https://steigan.no/2024/06/du-ma-ikke-sove-ledes-norsk-og-europeisk-politikk-fra-et-galehus/?utm_source=substack&utm_medium=email)